

## Félagssfundur í Öldungadeild Læknafélags Íslands 29. maí 2024

**Fyrirlesari:** Atli Rúnar Halldórsson, fréttamaður

**Efni:** „Heilsufar og dauðans alvara í pólitík“

Mættir: 28 félagsmenn og einn gestur.

Að loknum aðalfundi gaf formaður fyrirlesara orðið. Atli sagði frá deilum og átökum séra Helga Árnasonar meðan hann var prestur í Ólafsvík á fyrsta fjórðungi 20. aldar við veraldlega yfirvaldið Lárus H. Bjarnason, sýslumann í Stykkishólmi og héraðslækninn í Ólafsvík, Halldór Steinsson, sem var baksvið persónulegrar harmsögu hans, en hann missti fyrri eiginkonu og 5 börn á 20 árum; aðeins einn sonur lifði og varð læknir, Árni Böðvar Pétur Helgason.

Þetta voru ár mikilla pólitískra átaka milli Heimastjórnarmanna og Valtýinga um form sambandsslita Íslendinga við Dani. Lárus tilheyrði fyrrnefndum en séra Helgi var Valtýingur. Séra helgi var jafnframt oddviti og átti því mikil samskipti við sýslumanninn í Stykkihólmi. Lárus var ákaflega klöguglaður og kom til meiðyrðamála þar sem prestur hafði betur þegar á reyndi. Milli héraðslæknisins og prests spunnust deilur vegna embættisverka og vangoldinna reikninga.

Sumarið 1904 gekk barnaveiki í Ólafsvík og dóu tveir synir séra Helga, 7 og 11 ára úr veikinni með viku millibili. Ef þeir hefðu fengið blóðvatn gegn barnaveiki hefði mátt bjarga lífi þeirra. Sú saga fór víða, alla leið til Vesturheims, að Halldór læknir hefði neitað prestssonum um meðferðina, en sannleikurinn var sá að læknirinn hafði blóðvatnið ekki á lager og gat ekki útvegað það í tæka tíð frá Stykkishólmi. Þetta var vanræksla í starfi og fyrir það var Halldór áminntur af Landlækni. Eftir 26 ár í Ólafsvík höfðu þau prestshjónin fengið sig fullsödd og fluttust til Ólafsfjarðar þar sem tilveran varð þeim mun hagstæðari.

Um aldamótin 1900 var mannlíf á Snæfellsnesi bágbornara en víðast annars staðar á landinu, menntunarstig lélegt, margir ólæsir, heilsufar slæmt og ungbarnadauði mikill. Þótt þeir deildu um margt beittu séra Helgi og Halldór læknir sér ötullega fyrir framförum í Nesþingum, hvor á sinu sviði og skiluðu góðu verki.

Í umræðum var gagnsemi blóðvatnslækninga staðfest.

Fundi slitið 17:18.

HMÖ